

Álagning skatta og gjalda í Hvalfjarðarsveit 2025

- **Álagning útsvars á tekjur ársins 2025 er 14,14%**

Álagning fasteignaskatta og fasteignagjalda:

Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 segir að leggja skuli árlega fasteignaskatt á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignamati 31. desember á næstliðnu ári skv. fasteignaskrá. Fasteignaskattur leggst á nýjar lóðir og ný mannvirki í hlutfalli við ársálagningu frá næstu mánaðarmótum eftir að þau eru skráð og metin í fasteignaskrá. Sveitarstjórn annast álagningu fasteignaskatts.

- **Fasteignaskattur er eftirfarandi á árinu 2025:**

Fasteignaskattur A-flokkur 0,36% af fasteignamati

Fasteignaskattur B-flokkur 1,32% af fasteignamati

Fasteignaskattur C-flokkur 1,65% af fasteignamati

Samhliða fasteignaskatti eru innheimt eftirfarandi fasteignagjöld:

- **Lóðarleiga í þéttbýli 1,00% af fasteignamati**
- **Gjald fyrir meðhöndlun og förgun úrgangs:**

Íbúðarhúsnæði:

Tegund íláts	Gjald kr./ílát á ári
Blandaður úrgangur, 140 l tunna	28.000.-
Blandaður úrgangur, 240 l tunna	37.000.-
Blandaður úrgangur, 660 l tunna	110.000.-
Pappírsefni, 140 l tunna	4.000.-
Pappírsefni, 240 l tunna	6.000.-
Pappírsefni, 660 l tunna	8.000.-
Plastefni, 140 l tunna	4.000.-
Plastefni, 240 l tunna	6.000.-
Plastefni, 660 l tunna	8.000.-
Lífúrgangur, 140 l tunna	8.000.-

Gjald fyrir fastan kostnað

Innheimt er gjald fyrir fastan kostnað, rekstur grenndarstöðva og meðhöndlun úrgangs sem hér segir:

Íbúðarhúsnæði: 20.000 kr.

Frístundahúsnæði og það íbúðarhúsnæði sem ekki hefur grunneiningu íláta: 29.000 kr.

Sjá nánar gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hvalfjarðarsveit á eftirfarandi slóð:
stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=718eaf25-e046-4c53-a280-2f819108a222

- **Gjald fyrir hreinsun rotþróa:**

Hreinsunargjald er greitt vegna rotþróa við hvert íbúðarhús og sumarhús/frístundahús. Fjárhæð árgjalds miðast við stærð rotþróar og að hreinsun eigi sér stað þriðja hvert ár.

Stærð rotþróar	Gjald
Rotpró 0-4000 l	16.900
Rotpró 4001-6000 l	18.900
Rotpró 6001 og stærri	4.110 m ²
Hreinsistöðvar/demantur	34.900

Sjá nánar gjaldskrá fyrir fráveitu og meðhöndlun seyru í Hvalfjarðarsveit á eftirfarandi slóð:
stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=bcae3be8-fab0-4f3f-ad2e-b1420b161d8a

Gjalddagar fasteignaskatts og gjalda árið 2025 verða níu, á mánaðarfresti, 15. hvers mánaðar, í febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí, ágúst, september og október. Fyrsti gjalddagi er 15. febrúar. Ef álagning er kr. 25.000 eða lægri er einn gjalddagi 15. maí.

Ellí- og örorkulífeyrisþegar:

Afsláttur á fasteignaskatti til örorku- og ellilífeyrisþega er tekjutengdur. Ekki þarf að sækja um lækkun, gerður er vérlænn samanburður tekna samkvæmt síðasta fyrirliggjandi skattframtali og þegar staðfest skattframtal liggur fyrir vegna tekna síðastliðins árs er afsláttur endurreiknaður og tilkynnt ef breyting verður. Örorkulífeyrisþegar þurfa að leggja fram örorkuskírteini.

Tekjumörk vegna afsláttar af fasteignaskatti:

<u>Einstaklingar</u>		
Tekjumörk kr.		Afsláttur
-	5.311.406	100%
5.311.407	5.812.523	80%
5.812.524	6.333.656	50%
6.333.657	7.556.065	25%
<u>Hjón/sambúðaraðilar</u>		
Tekjumörk kr.		Afsláttur
-	8.418.187	100%
8.418.188	9.620.579	80%
9.620.580	10.223.922	50%
10.223.923	10.623.528	25%

Álagning fasteignaskatta og gjalda er birt rafrænt á www.island.is en óska má eftir útprentuðum álagningarseðli á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar í síma 4338500 eða á póstfanginu hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is

Álagning fasteignaskatts er kæránleg til yfirfasteignamatsnefndar og skal kæra borin fram innan þriggja mánaða frá álagningu.
Álagning á gjaldi fyrir meðhöndlun og förgun úrgangs og gjaldi fyrir hreinsun rotþróa er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur einn mánuður frá álagningu.

Linda Björk Pálsdóttir
sveitarstjóri